

gjalda stefnendum kr. 124.699.46 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. desember 1963 til greiðsludags svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 20.964.00, og hefur þá verið tekið tillit til reiknings yfir vélritunarkostnað að upphæð kr. 1.100.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Árna Stefánssyni hæstaréttarlögmanni og Jóhanni Ólafssyni forstjóra.

#### Dómsorð:

Stefndi, Kaupfélag Norður-Þingeyinga, greiði stefnanda Þorsteini Jónssyni persónulega og fyrir hönd Brynjars Halldórssonar og Skúla Þórs Jónssonar kr. 124.699.46 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. desember 1963 til greiðsludags og kr. 20.964.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. október 1968.

Nr. 159/1968. **Lárus Blöndal** (Benedikt Blöndal hrl.)

og **Vilmundur Jónsson**

(Sigurður Baldursson hrl.)

gegn

**Halldóri Arinbjarnar**

(Gísli G. Ísleifsson hrl.).

#### Dómenður:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Lögbann. Ritfrelsi. Kjörbörn.

#### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. september 1968 og gert þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur og lögbannsgerð verði úr gildi felld og þeim dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjendum verði dæmt að greiða honum óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt grunnreglum laga um þagnarvernd einkalífs á stefndi rétt til þess, að nöfn náttúrlegra foreldra kjörbarns hans, þess, sem í máli þessu greinir, verði eigi birt í ritinu „Læknar á Íslandi“, sem áfrýjendur ritstýra. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Lárus Blöndal og Vilmundur Jónsson, greiði stefnda, Halldóri Arinbjarnar, óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. ágúst 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. f. m., hefur Halldór Arinbjarnar læknir, Hvassaleiti 44 í Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 5. október 1967, gegn Lárusi Blöndal, Rauðalæk 42, Vilmundi Jónssyni, Ingólfsstræti 14, og til réttargæzlu Pétri Ólafssyni forstjóra f. h. Ísafoldarprentsmiðju, öllum í Reykjavík.

Kröfur stefnanda í málinu eru þær, að staðfest verði lögbann, sem sett var samkvæmt úrskurði borgarfégeta í Reykjavík, upp-  
kveðnum 11. september 1967, gegn því, að nafna foreldra kjörbarns stefnanda verði getið í bók þeirri, sem fyrirhugað er að gefa út um æviágrip lækna á Íslandi og sem stefndu standa fyrir útgáfu að. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum að mati dómarans, þar á meðal kostnaðar við lögkannið.

Stefndu, Lárus Blöndal og Vilmundur Jónsson, hafa krafizt þess, að lögbannsgerð sú, sem fram fór hinn 11. september 1967,

verði felld úr gildi. Hafa stefndu og hvor um sig krafizt málskostnaðar úr hendi stefnand'a að mati dómarans.

Engar kröfur að formi til hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hefur hann ekki gert sjálfstæðar kröfur í málinu.

Málavextir eru þeir, að á árinu 1961 tóku stefndu, Lárus Blöndal og Vilmundur Jónsson, að sér sem höfundar að gera úr garði og búa til prentunar fyrir réttargæzlustefnda, sem hafði á hendi útgáfu, nýja, endurskoðaða og aukna útgáfu ritsins „Læknar á Íslandi“ (útg. 1944). Í samningi með þessum aðiljum, sem dagsettur er 30. september 1961 og undirritaður 31. maí 1963, segir m. a., að efnistilhögun og formi verði í ritinu í höfuðatriðum haldið óbreyttu. Þó verði talin börn lækna með fæðingar/dánardögum, stöðu karla og sjálfstæðra kvenna, en getið hjúskapar giftra kvenna. Verði að öðru leyti vikið frá meðferð efnis, kemur aðeins til álita að endurbæta það og auka frá því, sem er, en skerðing þess kemur ekki til greina. Höfundar skuli annast innheimtu á drögum æviatriða lækna til aukningar ritinu. Þó leggi útgefandi til prentuð eyðublöð til þessarar gagnasöfnunar eftir fyrirsögn höfunda.

Í eyðublaði því, sem læknum var sent til útfyllingar, var óskað upplýsinga um börn þeirra, þar á meðal að getið yrði upphaflegra foreldra kjörbarns.

Stefnandi og eiginkona hans höfðu hinn 4. apríl 1957 fengið gefins til ættleiðingar meybarn, og var ættleiðingarbréf þeim til handa gefið út hinn 5. júlí 1957.

Er stefnandi útfyllti framangreint eyðublað frá stefndu, gaf hann upp, að barnið væri kjörbarn, en lét hins vegar ósvarað því, hverjir væru foreldrar þess. Getur stefnandi þess í aðilja-skýrslu sinni, dags. 11. október 1967, að foreldrar barnsins, sem voru gift hjón, hafi látið það frá sér vegna ómegðar, fátæktar og heilsuleysis. Af þessum sökum hafi hann ekki gefið upp nöfn þeirra í eyðublaðinu, þar eð hann taldi slíkt ástæðulaust og til þess að valda foreldrum barnsins og því sjálfu óþarfa sársauka og erfiðleikum.

Þar sem stefnandi hafði eigi látið í té hér umræddar upplýsingar, öfluðu stefndu Lárus og Vilmundur þeirra úr Þjóðskránni hjá Hagstofu Íslands. Er stefnandi varð þessa vís og taldi höfunda hafa í hyggju að birta þær upplýsingar í ritinu, átti hann viðræður við þá bæði einslega og með öðrum læknum, er líkt var ástatt um, svo og bréfaskipti, þar sem hann fór fram á, að

sleppt yrði að birta nöfn foreldra kjörbarnsins í ritinu. Samskipti stefnanda og stefndu að þessu leyti leiddu eigi til endanlegrar niðurstöðu. Stefnandi fékk því lögban sett gegn því, að umræddar upplýsingar yrðu birtar í ritinu, svo sem áður greinir.

Krafa stefnanda í málinu er reist á 66. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 um friðhelgi heimilis svo og þeirri reglu, sem fram komi í 229. gr. hinna almennu hegningarlaga nr. 19 frá 1940 um vernd gegn uppljóstrunum um einkalíf borgaranna. Telur stefnandi, að birting á nöfnum foreldra kjörbarns hans í margnefndu riti gegn hans samþykki brjóti í bága við þá vernd, sem framan- greind ákvæði veiti honum. Hér sé um að ræða svo nána þætti einkalífs hans. Bendir hann á í því sambandi, að þróun réttarins beinist sífellt í þá átt að rjúfa öll tengsl kjörbarna við foreldra sína, bæði á vettvangi erfðarréttarins og löggjafar um ættleiðingu. Þrátt fyrir hina almennu reglu íslensks réttar um tjáningar- frelsi og prentfrelsi sé mönnum settar vissar skorður gegn þeim rétti, en það séu einkum skorður til verndar einkalífi manna og hagsmunum. Ákvæði 8. gr. laga nr. 13/1905 um rithöfunda- rétt og prentrétt eigi hér ekki við, enda geti það ákvæðið engu breytt um rétt stefnanda á vernd einkalífs hans. Bendir stefnandi og á það í þessu sambandi, að ákvæði 26. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögban veiti honum rétt til að vernda slíkan rétt sinn með lögbanni. Tekur stefnandi það einnig fram, að hér umrætt rit sé ekki ættfræðirit, heldur sé það einvörðungu handbók til skjótra upplýsinga, sem aldrei verði tæmandi taldar. Hann geri ekki kröfu til þess, að sleppt verði í ritinu þeirri stað- reynd, að barn hans sé kjörbarn, heldur eingöngu nöfnum for- eldra þess.

Kröfur stefndu eru studdar þeim rökum, að þeir séu höfundar að ritinu og ráði því allri gerð þess og efni. Tilgangur að útgáfu ritsins sé sá að samræma upplýsingar um lækna á Íslandi og meðal þeirra breytinga frá hinni fyrri útgáfu ritsins, sem gera skyldi á þessu riti, hafi verið sú, að geta barna lækna, en þeirra hafi eigi verið getið í hinni fyrri útgáfu. Stefndu telji það skyldu sína, að margnefnt rit verði öruggt í upplýsingum sínum og rétt, enda sé hér um að ræða ættfræðirit og ætt manns, en ekki einka- mál hans. Upplýsingar þær, sem stefnandi vill meina, að birtar verði í ritinu og lögbannið tekur til, eru að finna í opinberum skjölum, en samkvæmt 8. gr. laga nr. 13/1905 er hverjum og einum heimil birting slíkra skjala. Þá benda stefndu á það, að eigi sé endanlega ráðið af þeirra hálfu efni ritsins, en telja

hins vegar ákvörðun um slíkt að öllu leyti vera á þeirra valdi sem höfunda. Af þeirri ástæðu hafi þeir eigi enn gefið stefnanda svar um það, hvort þær upplýsingar, sem lögbannið nær til, verði í hinu væntanlega riti við útgáfu.

Við hinn munnlega flutning málsins upplýstu lögmenn stefndu, að stefndu hefðu afhent réttargæzlustefnda handrit að ritinu, en það mun bera nafnið „Læknar á Íslandi“, og hann gert prófarkir að því. En samkvæmt þeim próförkum eru birt nöfn foreldra kjörbarns stefnanda.

Í málinu liggur fyrir vottorð frá Hagstofu Íslands, dags. 11. júlí 1968, en þar segir m. a., að hver lögráða maður geti hjá Þjóðskránni fengið fæðingarvottorð um hvern sem er. Sé beðið um fæðingarvottorð fyrir ættleiddan mann, þá komi fram á því bæði nöfn foreldra og kjörforeldra.

Rit það, sem í máli þessu ræðir, „Læknar á Íslandi“, er skrá yfir alla lækna hér á landi, þar sem getið er ýmissa atriða í æviferli þeirra, einkum náms og starfa svo og fjölskyldu þeirra. Þessi atriði eru fyrst og fremst byggð á upplýsingum frá læknum sjálfum í svörum þeirra við ákveðnum spurningum frá höfundum. Ritinu er ætlað að verða almenningi til upplýsinga um læknastéttina. Telur dómarrinn því, að þeir, sem ritið getur, eigi rétt til nokkurrar íhlutunar um það, hvað um þá er birt í ritinu.

Í tilvikum því, sem mál þetta snýst um, er um það atriði að ræða, hvort stefndu sé heimilt gegn andmælum stefnanda að birta í ritinu nöfn foreldra kjörbarns hans.

Tengsl kjörbarns við foreldra sína rofnar að lögum við ættleiðingu, en skapast með sama hætti við kjörforeldra. Eðli ættleiðingarinnar er þann veg háttað, að það er nokkurt viðkvæmnismál þeirra, sem hlut eiga að máli, og tengt persónulegu einkalífi, enda tilkoma hennar með margvíslegu móti. Er það því álit dómsins, að samkvæmt grundvallarreglum persónuréttarins eigi stefnandi rétt til þess að meina birtingu á nöfnum foreldra kjörbarns hans í framangreindu riti, þótt upplýsinga þar að lútandi verði aflað hjá opinberum stjórnvöldum.

Samkvæmt þessu framansögðu ber að taka kröfur stefnanda til greina í málinu, og verður lögbann það, sem lagt var með úrskurði borgarfógeta í Reykjavík hinn 11. september 1967, við því, að getið verði nafna foreldra kjörbarns hans í ritinu „Læknar á Íslandi“, staðfest.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Hákon Guðmundsson yfirborgardómari kvað upp dóm þennan, en uppsaga hans hefur dregizt fram yfir venju vegna sumarleyfa.

Dómsorð:

Framangreint lögbann staðfestist.

Málskostnaður fellur niður.

**Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 11. september 1967.**

Gerðarbeiðandi, Halldór Arinbjarnar læknir, Hvassaleiti 44, hefur krafizt þess, að lögbann verði lagt við því, að í væntanlegu ritverki um lækna á Íslandi (Læknatal á Íslandi) verði getið nafna náttúrlegra foreldra kjörbarns hans. Lögbannsgerð þessari er beint að höfundum rits þessa, Lárusi H. Blöndal, Rauðalæk 42, og Vilmundi Jónssyni, Ingólfsstræti 14, svo og til réttargæzlu að Pétri Ólafssyni f. h. Ísafoldarprentsmiðju, sem gerðarbeiðandi kveður munu vera útgefanda verks þessa. Gerðarbeiðandi hefur krafizt málskostnaðar úr höndum gerðarþolanna.

Greinargerðir hafa fram komið af hálfu þeirra Lárusar H. Blöndals og Péturs Ólafssonar annars vegar og Vilmundar Jónssonar hins vegar. Réttarkröfur þeirra eru þær *aðallega*, að synjað verði um lögbannsgerð þessa og gerðarbeiðanda verði gert að greiða málskostnað, en *til vara*, að gerðin verði því aðeins látin ná framgangi að gerðarbeiðandi setji 10 milljón kr. lögbanns-tryggingu.

Mál þetta var tekið til úrskurðar hinn 24. ágúst s.l., og hefur uppkvaðning úrskurðar dregizt vegna forfalla.

Í málinu liggja fyrir bréf, sem gerðarbeiðandi ásamt fleiri læknum hefur ritað gerðarþola Vilmundi Jónssyni og ritstjórn Læknatals, hið fyrsta þeirra dagsett 13. október 1965. Kemur fram í bréfum þessum viðleitni lækna þessara til þess að fá fellt niður úr Læknatali nöfn náttúrlegra foreldra kjörbarna hvers þeirra um sig, en þær tilraunir hafi reynzt árangurslausar.

Vísar gerðarbeiðandi í máli þessu til 66. greinar stjórnarskrár um friðhelgi einkalífs og til 229. greinar almennra hegningarlaga um viðurlög við brotum fyrrnefndrar stjórnarskrárgreinar. Bendir hann á, að hann hafi við ættleiðinguna gengið út frá því, að atriði þau, sem lögbannskrafa þessi gengur út á, yrðu ekki gerð opinber af óviðkomandi aðiljum, og það að þarflausu.

Gerðarþolar telja óheimilt að verða við kröfu gerðarbeiðanda um lögbann. Upplýsingar þær, sem gerðarbeiðandi vilji hindra,

að komi fyrir almenningssjónir, sé að finna í opinberum skjölum, sem öllum sé heimilt að gefa út, sbr. 8. gr. laga nr. 13/1905. Ætt manns sé ekki einkamál hans, sbr. ýmsar greinar laga nr. 39/1921. Þannig eigi tilvitnanir gerðarbeiðanda í stjórnarskrá og hegningarlög ekki við. Aftur á móti megi í þessu sambandi benda á 72. grein stjórnarskrár, þar sem segi, að ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi megi aldrei í lög leiða, og geti gerðarbeiðandi ekki farið með fúgetavaldi að manni og sagt honum fyrir um það, hvernig hann megi eða megi ekki skrifa. Varakrafan í málinu sé byggð á því, að hætt sé við, að mikið fjártjón hljótist af lögbanni, nái það fram að ganga, og megi svo fara, að ritið stöðvist alveg, ef menn fari þá leið, sem gerðarbeiðandi hafi hér hafið, og fari slíkt alsendis í bág við vald það, sem gerðarpólar hafi yfir efni ritsins, en afskipti gerðarbeiðanda gætu fyrst komið til, þá er ritið liggi fyrir útgefið á prenti. Lögbannsbeiðni sé loks formlega gölluð, þar eð ekkert liggi fyrir um afstöðu hinna náttúrlegru foreldra kjörbarns gerðarbeiðanda né heldur kjörbarnsins sjálf og engar upplýsingar liggi fyrir um aldur þess.

Ekki virðist neitt það hafa komið fram í máli þessu, sem útiloki, að gerðarbeiðandi eigi þann rétt, sem hann krefst viðurkenningar á í lögbannsmáli þessu, en það er að ráða sjálfur, hvort birt verði í Læknatali nöfn náttúrlegra foreldra kjörbarns hans. Verður ekki annað fyrir hendi en að láta lögbannsgerð þessa ná framgangi gegn því, að gerðarbeiðandi setji tryggingu, sem þykir hæfilega ákveðin kr. 100.000.00.

Ekki þykir rétt að sinna framkomnum kröfum aðilja um málskostnað fyrir fúgetarétti, enda verða væntanlega hafðar uppi málskostnaðarkröfum í staðfestingarmáli.

Þorsteinn Thorarensen borgarfúgeti kvað upp úrskurðinn.

#### Því úrskurðast:

Lögbannsgerð þessi fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda gegn 100 þúsund króna tryggingu af hans hálfu.

Málskostnaður fellur niður.